

REGLUGERÐ

um ráðgjafar- og sálfræðipjónustu grunnskóla.

1. gr.

Í samræmi við lög nr. 63/1974, um grunnskóla, skal setja á stofn ráðgjafar- og sálfræðipjónustu skóla í hverju fræðsluumdæmi.

Fræðsluráð undæmis stofnar til ráðgjafar- og sálfræðipjónustu skóla. Heimilt er og fræðsluráðum tveimur eða fleiri að stofna til ráðgjafar- og sálfræðipjónustu í sameiningu enda samþykki menntamálaráðuneytið tilhögun þeirrar þjónustu.

Ráðgjafar- og sálfræðipjónusta skóla skal starfrækt sem sérstök deild í fræðsluskrifstofu, sálfræðideild skóla. Deildin lýtur stjórn fræðslustjóra og skipuleggur hennar störf hennar í samráði við forstöðumann deildarinnar og skólastjóra þjónustusvæðisins. Daglega stjórnarsýslu og verkstjórn í sálfræðideild skóla annast sérmenntaður forstöðumaður, sbr. 9. gr., 3. mgr.

Menntamálaráðuneytið hefur með höndum yfirstjórn ráðgjafar- og sálfræðipjónustu skóla.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið gerir í samráði við fræðslustjóra heildaráætlun um framkvæmd ráðgjafar- og sálfræðipjónustu skóla um land allt:

- a) 5 ára áætlun. Skal hún endurskoðuð svo oft sem þurfa þykir.
- b) Starfsáætlun til eins árs. Skal hún gerð í lok hvers skólaárs og miðast annars vegar við það fjármagn sem veitt hefur verið til þessa starfsþátтар í fjárlögum yfirstandandi árs og hins vegar við markmið 5 ára áætlunarinnar.

Kostnaður við ráðgjafar- og sálfræðipjónustu greiðist að jöfnu af ríkissjóði og sveitarfélögum. Heimilt er sveitarfélögum í fræðsluumdæmi að fela landshlutasamtökum sveitarfélaga að annast greiðslur fyrir sína hönd. Um greiðslufyrirkomulag og útborgun kostnaðar fer að öðru leyti eftir ákvæðum reglugerðar um rekstrar-kostnað grunnskóla.

Fræðsluskrifstofa hvers fræðsluumdæmis sér ráðgjafar- og sálfræðipjónustu fyrir skrifstofuaðstoð og sínavörslu og reiknast kostnaður við það sem hluti af rekstrarkostnaði skrifstofunnar.

3. gr.

Hlutverk ráðgjafar- og sálfræðipjónustu er:

- a) að nýta sálfræðilega og uppeldisfræðilega þekkingu í skólastarfi,
- b) að vera ráðgefandi um umbætur í skólastarfi sem verða mættu til að fyrirbyggja geðræn vandkvæði og námsörðugleika,
- c) að annast rannsókn á afbrigðilegum nemendum og þeim sem ekki nýtast hæfileikar í námi og starfi,
- d) að vera skólastjórum og kennurum til ráðuneytis um kennslu og foreldrum til leiðbeiningar um uppeldi og meðferð nemenda sem rannsakaðir eru (sbr. c-lið),
- e) að taka til meðferðar nemendur, sem sýna merki geðrænna erfiðleika, og leiðbeina foreldrum og kennurum um meðferð þeirra,
- f) að annast hæfniprófanir og ráðgjöf í sambandi við náms- og starfsval unglunga,
- g) að annast ýmis rannsóknarstörf og athuganir í sambandi við ráðgjafarþjónustuna.

Starfshættir ráðgjafar- og sálfræðipjónustu skóla skulu mótast af fræðilegum viðhorfum annars vegar og af þörfum þeirra sem þjónustunnar njóta hins vegar, hvort sem um er að ræða hópinnu með nemendum, kennurum eða foreldrum eða einstaklingsvinnu með sömu aðilum.

Lögð skal áhersla á fyrirbyggjandi starf hvers konar og á samhengi í þjónustu við nemendur og fjölskyldur þeirra sbr. 4. gr.

Ákvarðanir um tilhögun sérkennslu þ. m. t. tilhögun stuðningskennslu í almennum grunnskóla, skipan nemenda í sérkennslu í eigin skóla, í sérskóla skv. 81. gr. grunnskólalaga eða í sérstofnun skv. 52. gr. sömu laga, skulu teknar í samráði við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skóla.

Starfsfólk ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skal leitast við að starfa í sem nánustum tengslum við skólastjórnir, kennara og annað starfsfólk skólanna. Reynt skal að tryggja starfsfólki þjónustunnar fullnægjandi aðstöðu til viðtala í hlutaðeigandi skólum. Skólastjórar skulu og leitast við að gera viðtöl og fundi sem af starfi ráðgjafarþjónustunnar leiða, mögulega með tilhliðrunum á kennslu eftir því sem kleift er.

4. gr.

Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta skóla starfar fyrir grunnskóla, þ. m. t. sérstofnanir samkvæmt 52. gr. laga um grunnskóla.

Heimilt er ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu að miða störf sín einnig við nemendur sem eru yngri eða eldri en sem nemur skólaskyldualdri, eftir því sem ástæða þykir til vegna fyrirbyggjandi starfs, framhaldsnáms, starfsvals og eftirverndar.

5. gr.

Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta skóla skal hafa nána samvinnu við þær stofnanir og aðila sem annast hliðstæða heilbrigðis- og félagsmálaþjónustu fyrir börn og unglinga á vegum ríkis og sveitarfélaga.

6. gr.

Samvinna ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu við skóla skal í grundvallaratriðum miðast við að þjónustan sé skólunum til ráðuneytis á því starfssviði sem hlutverk hennar tekur til, sbr. 3. gr.

Stefnt skal að því að skólastjórar, kennarar og aðrir starfsmenn skóla geti orðið aðilar að hópvinnum um þau mál sem ráðgjafar- og sálfræðiþjónustan fjallar um varðandi skólann.

Frumkvæði að sérfræðilegri rannsókn á vandkvæðum einstaks nemanda getur komið frá nemanda sjálfum, forráðamanni nemanda, frá skóla, ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu, skólalækni, heimilislækni eða öðrum þeim er um velferð barnsins fjalla.

Samþykki forráðamanna skal að jafnaði áskilið til þess að einstaklingsrannsókn á skólaskyldum nemanda eða yngri geti farið fram.

Þegar skólastjóri og kennari telja að um alvarleg vandkvæði sé að tefla takmarkast þó réttur forráðamanna nemenda til að hafna ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu í samræmi við það sem leiðir af ákvæðum laga þar að lútandi, sbr. 6. og 50.—54. gr. grunnskólalaga og lög nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna með áorðnum breytingum. Gerir fræðslustjóri þá tillögu til barnaverndarnefndar um viðeigandi ráðstafanir.

7. gr.

Við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu starfa eftirtaldir sérmenntaðir starfsmenn: sálfræðingar, félagsráðgjafar og sérkennarar.

Fræðsluráð getur lausráðið framangreinda starfsmenn til ákveðins tíma í hluta úr starfi. Ef um setningu í starf er að ræða, skal staðan auglýst með venjulegum hætti og gerir fræðslustjóri, að höfðu samráði við hlutaðeigandi fræðsluráð, tillögu til ráðuneytisins um hvern setja skuli. Að liðnu tveggja ára setningartímabili má skipa í starfið, ef bæði fræðsluráð og fræðslustjóri leggja það til.

Auk ofangreindra starfa er fræðsluráði heimilt, að höfðu samráði við sálfræðideild, að tryggja sér þjónustu ráðgefandi læknis í hlutastarfi. Gerir fræðsluráð þá við hann ráðningarsamning til ákveðins tíma.

Heimilt er með samþykki forstöðumanns sálfræðideildar að taka í starfsþjálfun háskólanema í sálfræði, félagsráðgjöf og sérkennslufræðum í samráði við þá menntastofnun sem hlut á að máli.

Kröfur um menntun og starfsreynslu sérmenntaðra starfsmanna ráðgjafar- og sálfræðipjónustu miðast við ákvæði 9. gr.

Ráðning starfsmanna samkvæmt þessari grein er háð fjárveitingu af hálfu ríkis og sveitarfélaga.

Í fræðsluumdæmum með 2500 nemendur á grunnskólastigi eða færri skal miða við að lágmarksfjöldi sérhæfðra starfsmanna ráðgjafar- og sálfræðipjónustu samsvari $2\frac{1}{2}$ starfi.

8. gr.

Í fræðsluumdæmum með fleiri en 2500 nemendur á grunnskólastigi skal til viðbótar sérhæfðum starfsmönnum, sem svara $2\frac{1}{2}$ starfi, koma einn starfsmaður fyrir hvert 1000 nemenda umfram 2500 og hlutfallslega fyrir brot úr þúsundi, enda æski fræðsluráð þess og fjárveitingar séu tryggðar, sbr. 7. gr.

Starfsskipting innan sálfræðideildar skal ákveðin af fræðslustjóra í samráði við viðkomandi sálfræðideild. Þó skulu starfsígildi sálfræðinga aldrei vera færri en sem nemur helmingi af starfsígildum á deildinni.

Taki sálfræðideild að sér, með samþykki menntamálaráðuneytis og hlutaðeigandi landshlutasamtaka sveitarfélaga, umfangsmikil verkefni, t. d. á forskólastigi, sbr. 3.—4. gr., er heimilt að auka við starfsliði vegna þeirra þarfa, eftir því sem fjárveitingar hrökkva til.

9. gr.

Menntunarkröfur til sérmenntaðra starfsmanna ráðgjafar- og sálfræðipjónustu skulu vera sem hér segir:

- a) Sálfræðingar skulu hafa lokið kandidatsprófi eða öðru hliðstæðu prófi í sálfræði eða sálfræðilegri uppeldisfræði sem aðalgrein við háskóla á Norðurlöndum eða sambærilegu prófi við aðra háskóla og öðlast löggildingu skv. lögum nr. 40/1976, um sálfræðinga,
- b) félagsráðgjafar skulu hafa lokið námi í félagsráðgjöf, með tilskildum prófum, og öðlast löggildingu skv. lögum nr. 41/1975, um félagsráðgjöf,
- c) sérkennarar skulu hafa lokið kennaraprófi, almennu eða sérgreindu, og tveggja ára framhaldsnámi í kennslu og uppeldi afbrigðilegra nemenda, með tilskildum prófum.

Engan má setja eða skipa til umræddra starfa nema hann hafi menntun samkvæmt ofanskráðu.

Forstöðumenn ráðgjafar- og sálfræðipjónustu skulu hafa lokið viðurkenndu námi í sálfræði samkvæmt a-lið. Þeir skulu auk þess hafa aflað sér a. m. k. þriggja ára starfsreynslu við skólasálfræðistörf áður en þeir hljóta skipun í forstöðumannsstöðu.

10. gr.

Um réttindi og skyldur settra eða skipaðra starfsmanna ráðgjafar- og sálfræðipjónustu fer samkvæmt lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, eftir því sem við á.

Um laun, starfskjör og vinnutíma fer eftir ákvæðum laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna og kjarasamningum stéttarfélaga, eftir því sem við á.

11. gr.

Starfsmenn ráðgjafar- og sálfræðipjónustu miðla upplýsingum til skólustjóra, kennara og annarra trúnaðaraðila, eftir því sem hlutverk ráðgjafar- og sálfræðipjónustu krefst. Allir þessir aðilar eru þagnarskyldir um persónuleg mál og hagi nemenda, foreldra og annarra einstaklinga sem þjónustunnar hafa notið.

Starfsmenn ráðgjafar- og sálfræðipjónustu hafa sama rétt til að sitja fundi skólanefndar og skólustjóri, sbr. 18. gr. laga um grunnskóla. Ennfremur eiga þeir rétt á að sitja fundi fræðsluráðs þegar fjallað er um ráðgjöf og sálfræðipjónustu eða skyld mál, svo og hliðstæða fundi sem fræðslustjóri boðar til með skólustjórum eða kennurum.

12. gr.

Menntamálaráðuneytið lætur safna upplýsingum um námsbrautir, atvinnulíf og annað er starfsfræðsla þarfnast og annast útgáfu handbóka og hjálpargagna um það, sbr. 70. gr. grunnskólalaga. Skal við það miðað að umrædd gögn og bækur komi að notum bæði skólum og sálfræðideildum.

Við undirbúning útgáfustarfs þessa leitar ráðuneytið tillagna frá aðilum vinnu- markaðarins, fræðsluráðum, skólanefndum, skólustjórum, kennurum og starfsmönnum ráðgjafar- og sálfræðipjónustu.

Ráðuneytinu er heimilt að fela aðilum, sem það ákveður, að annast að fullu tiltekna þætti upplýsingasöfnunar og útgáfustarfa á þessu sviði.

13. gr.

Menntamálaráðuneytið getur falið tiltekinni stofnun t. d. sálfræðideild, með samkomulagi við þá aðila sem að henni standa, að annast fræðilega leiðbeiningastarfsemi, sérfræðilega umsjón eða aðra aðstoð við ráðgjafar- og sálfræðipjónustu í skólum. Skal stofnunin vera fullskipuð sérmenntuðu starfslíði, sbr. 7.—9. gr. þessarar reglugerðar. Einnig er ráðuneytinu heimilt að kveðja til þessa starfs nefnd sérfróðra aðila. Skal í þessu sambandi reynt að tengja ráðgjafar- og sálfræðipjónustuna við störf Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands að þessum málum, svo og störf ráðuneytisins að þróun og umbótum í skólamálum.

Leiðsagnaraðili sá, sem hér um ræðir, heldur m. a. námskeið og fræðslufundi fyrir starfsmenn.

Allur kostnaður við fyrrgreint leiðbeininga- og umsjónarstarf greiðist af ráðuneytinu.

14. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 63/1974, um grunnskóla. Öðlast hún þegar gildi og kemur til framkvæmda jafnóðum og fé er veitt til í fjárlögum og af hálfu sveitarfélaga, sbr. 7. gr., 6. mgr.

Í menntamálaráðuneytinu, 8. janúar 1980.

Vilmundur Gylfason.

Birgir Thorlacius.